

Athugasemdir við mál nr. 317/2019 í samráðsgátt stjórnvalda „Drög að frumvarpi til laga um Hálendisþjóðgarð“

Athugið að eftirfarandi er einungis skoðun mín og endurspeglar ekki endilega viðmið þeirra samtaka þar sem ég sit í stjórn.

Fyrst vil ég nefna það að ég styð heilshugar þjóðgarð á hálendi Íslands en ekki með þessum formerkjum eins og nefnd eru í frumvarpsdrögunum. Þetta er leiðinleg pólitík og alger óþarfi að selja málið svona, bara til að geta komið því í gegn útvötnuðu og fá „fjöður í hattinn“.

Ef málið verður lagt fram á þessu þingi (150. löggjafarþingi) og í þessari mynd þá vil ég koma með eftirfarandi athugasemdir.

Athugasemdir við einstaka greinar:

2.gr.

Hér vil ég að standi í staðin fyrir að ráðherra ákverður þá standi að ráðherra skal friðlýsa með reglugerð landsvæði Hálendisþjóðgarðs. Ráðherra stækkar þjóðgarðinn með reglugerð, skal það gerast þegar þjóðlenduúrskurðir lyggja fyrir á mörkum þjóðgarðs og skal þjóðgarðurinn ná yfir þjóðlendur í nágrenni miðhálendislínu. - Einnig væri, þar sem þekkt er hvaða landsvæði þjóðgarðurinn á að ná yfir í byrjun, þá er hægt að setja þau mörk í lög og svo vera með svipaða klausu eins og í lagadrögum um Þjóðgarðastofnun þar sem fjallað er um mörk Þjóðgarðsins á Þingvöllum, þ.e. að ráðherra stækkar þjóðgarðinn með reglugerð

5. gr.

Hér er hægt að túlka það þannig að það sé ekki endilega formaður umdæmisráðs sem er í stjórn Þjóðgarðsins.

7.gr.

Þetta er ekki nógu skýr grein. Tilnefnir s.s. hvert sveitarfélag fulltrúa sína? Hvenær er þá kosið hvaða 5 fulltrúar skulu sitja í svæðisráði? Tilnefnir hvert og eitt sveitarfélag þá 5 fulltrúa og þó það séu 6 sveitarfélög á svæðinu, þá getur tæknilega verið að allir fulltrúar komi úr einu sveitarfélagi? Nú er langt í sveitarstjórnarkostningar, hvernig á að skipa fyrsta umdæmisráðið? Þyrfti ekki að koma með bráðabyrgðarákvæði?

-

-Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. - Þetta má vera „Falli atkvæði jöfn í afgreiðslu umdæmisráðs ræður atkvæði formanns“ þarna má nefnilega túlka þetta þannig að umdæmisráð kýs sér formann og varaformann og ef atkvæði falla jöfn í þeirri kosningu, þá ráði atkvæði formanns.

-

Þessi grein býður ekki upp á það að hægt sé að skipta út fulltrúum t.d. vegna trúnaðarbrests eða flutninga fulltrúanna.

-

Annars má þessi grein að mestu fara út og vera í frumvarpi um Þjóðgarðastofnun. Fyrst og önnur málsgrein meiga halda sér. Hér er nefnilega verið að setja lög um önnur friðlýst svæði sem eru ekki tengd Hálendisþjóðgarði. Það á ekki heima í lögum sem heita lög um Hálendisþjóðgarð. Það er óþarfa flækja.

11.gr

Þessi grein á að detta út, fyrsti hlutinn þar sem rætt er um rafmagnslínur getur átt heima í stjórnunar og verndaráætlun, en nýjar virkjanir á ekki að byggja innan Þjóðgarðs. Best væri líka að gamlar virkjanir væru ekki innan þjóðgarð, heldur á jaðarsvæðum og þá með sér reglur.

-

„Aðeins má heimila nýjar virkjanir í Hálendisþjóðgarði á afmörkuðum virkjanasvæðum,... ..að undangengnu mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna.“ Þetta ætti auðvitað að vera ...að undangengnu jákvæðu mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna.

-

Hvað er svo lágmarks rask, hvernig á að meta það? Hvað er lágmarks sýnileiki? Uppistöðulón sjást auðvitað mjög vel. Er verið að tala um að byggingar eigi að vera inni í fjöllum, og allt annað eigi að vera neðanjarðar? Þetta er óskaplega teigjanlegt.

Aðrar athugasemdir.

Ef halda á umdæmisráðum eins og þau eru í dag. Þá tel ég að fyrst að sérmenntað starfsfólk Minjastofnunar er kallað til í svæðisráð þegar ræða á um mennigarmínjar. Þá tel ég að sérmenntað starfsfólk Náttúrufræðistofnunar verði kallað til þegar ræða á um náttúrumínjar. Hvort tveggja er hægt að gera í fjarfundi og felur því ekki í sér gríðarlegann kostnað.

Í mínum huga ætti samt að vinna þetta öðruvísi. Vera með umdæmisráð sem eru meira kannski „þjóðfundir“ ásamt því að vera skipaðir þekkingar/lærðu fólki. Stjórnunar og verndaráætlun yrði gerð af þeim aðilum og svo sett upp í landfræðileg upplýsingakerfi þannig að hún væri sjónræn og nýtist öllum. Skipulag yrði síðan gert af starfsmönnum eftir þessum stjórnunar og verndaráætlunum og samþykkt af sveitarstjórnnum eins og svo margt annað. Landeigendur gera deiliskipulag á sínum svæðum og þurfa þau að fara eftir aðalskipulagi sveitarfélaga. Hálendisþjóðgarður ætti auðvitað að vera undir sama hatti. Þessi leið þar sem það eru nokkur sveitarfélög að gera gildandi áætlun fyrir önnur er svolítið skrítið, frekar taka út að þetta sé gildandi skipulag og gera frekar svæðisskipulag fyrir þjóðgarðinn innan nokkurra sveitarfélaga.

Svo tek ég undir með einu í umsögn sveitarfsjórnar Bláksógabyggðar þar sem þau kalla eftir því að stofnun þjóðgarðsins fari í umhverfismat. Annað tek ég ekki undir.

Sævar Þór Halldórsson

Náttúrufræðingur,

Aðalmaður í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir hönd umhverfisverndarsamtaka,

Varaformaður SUNN - Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi,

Varaformaður Landvarðafélags Íslands.

s@ku.is